

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um fylgdarlaus börn á flótta.

Frá Rósu Guðbjartsdóttur.

- Hversu mörg fylgdarlaus börn á flótta komu til landsins ár hvert frá 2015–2024?
- Hversu mörg þessara barna hafa hlotið dvalarleyfi hér á landi, m.a. tímabundið dvalarleyfi eða varanlegt dvalarleyfi? Svar óskast sundurliðað eftir ári þegar dvalarleyfi var veitt.
- Hversu mörg þessara barna hafa hlotið íslenskan ríkisborgararétt? Veitti Alþingi ríkisborgararétt eða var hann veittur með öðrum hætti? Svar óskast sundurliðað eftir ári þegar ríkisborgararéttur var veittur.
- Hvernig hafa stjórnvöld tryggt velferð þessara barna?
- Hversu mörg fylgdarlaus börn á flótta bíða úrlausnar máls síns nú?

Skriflegt svar óskast.